



Starfsreglur varðandi úthlutun rekstrarstyrkja til íþróttá-, æskulýðs- og forvarnarmála, annara en UMSS.

1. gr.

Rekstrarstyrkir eru ætlaðir til félaga/deilda sem halda úti skipulögðu íþróttá- og æskulýðsstarfi fyrir börn á aldrinum 5-18 ára.

2. gr.

Eftirfarandi þættir eru hafðir til hliðsjónar við úthlutun styrkja:

1. Starfsáæltun
2. Fjöldi æfinga/viðburða í hverjum aldursflokk
3. Fjöldi virkra þátttakenda í æfingum/viðburði
4. Fjöldi þjálfara, menntun þeirra og reynsla
5. Árskýrslu og ársreikninga fyrra árs

3. gr.

Fjárveitingar eru háðar því að félögin/deildirnar setji sér siðareglur, viðbragðsáætlanir og fræði sitt fólk um ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynferðisofbeldi. Mikilvægt er að félögin sýni fram á að farið sé eftir jafnréttisáætlunum og jafnréttislögum í starfi sínu.

4. gr.

Umfang og skilvirkni þeirra starfsemi sem samræmist megin markmiðum nefndarinnar (samanber 1. grein) verður höfð í huga þegar styrkir eru veittir.

5. gr.

Umsóknum skal skila til Skagafjarðar í pósti eða á netfangið skagafjordur@skagafjordur.is, merkt rekstrarstyrkir til íþróttá-, æskulýðs- og forvarnarmála.

6. gr.

Styrkþegar skulu gera grein fyrir hvernig viðkomandi styrk var varið og skila um það skýrslu fyrir yfirstandandi rekstrarár til Skagafjarðar, fyrir 15. febrúar ár hvert, á netfangið skagafjordur@skagafjordur.is.

Samþykkt á fundi félagsmála- og tómsfundanefndar 10.nóvember og sveitarstjórn 14. desember 2022